

Sp.

235. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Það fjárlagafrumvarp, sem nú er til annarrar umræðu, er annað í röðinni á valdaferli núverandi ríkisstjórnar. Hið fyrsta var fyrir yfirstandandi ár og voru forsendur þess og undirbygging veikburða og óraunsæ, svo sem reynslan hefur nú sýnt. Ragnar Arnalds fjármálaráðherra lýsti í fyrra fjárlagafrumvarpi sínu, að það væri byggt á þeim forsendum að verðbólgan árið 1980 yrði 30%. Þær forsendur ríkisstjórnarinnar hafa gjörsamlega brostið og ekki staðist dóm reynslunnar, því verðbólga yfirstandandi árs er um 58%.

Það er sérstök ástæða til þess, nú í ljósi fenginnar reynslu yfirstandandi árs, að þingmenn geri sér grein fyrir þeim forsendum sem ríkisstjórnin byggir á það frv. sem er til umræðu.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að ein meginforsenda frv. er sú, að verðlagshækkanir frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 verði 42%. Þetta er ein grundvallarforsenda frv., og í ljósi þess hljóta þingmenn að spyrja sig þeirrar spurningar, hvort forsenda sem þessi sé trúverðug, hafandi í huga reynslu yfirstandandi árs og þær staðreyndir sem við blasa.

Í spá Þjóðhagsstofnunar fyrir komandi ár er gert ráð fyrir að verðbólga verði um eða yfir 65% verði ekkert að gert. Verði sú reyndin sem Þjóðhagsstofnun spáir, sem flestir telja trúverðugra, þá eru forsendur frv. svo óraunhæfar sem frekast má verða og að engu hafandi.

Fjármálaráðherra byggir forsendur frv. á ímynduðum efnahagsráðstöfunum upp á 12 milljarða króna, sem engar upplýsingar hafa fengist um hverjar verði þrátt fyrir margítrekaða eftirgrennslan.

Þá skal á það bent, að enn hefur hæstv. ríkisstjórn ekki framkvæmt þá laga-skyldu að leggja fram við afgreiðslu fjárlaga fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem augljóslega verður að afgreiða samhliða fjárlögum ef eitthvert mark á að vera takandi á afgreiðslu þessara mála. Í athugasemdum með frv. lofaði ríkisstjórnin raunar að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í byrjun nóvember, en það loforð hefur hæstv. ríkisstjórn svikið eins og raunar mörg önnur.

Þessi hegðun hæstv. ríkisstjórnar er forkastanleg og móðgun við Alþingi og þjóðina alla. Meðan ekki fást um það upplýsingar, hvaða efnahagsráðstafanir á að gera og til hvers þær leiða, og engar upplýsingar fást um lánsfjáráætlun er fjárlagafrumvarpið í sinni núverandi mynd gjörsamlega marklaust plagg.

Því hefur raunar oft verið haldið fram, að alþingismenn hafi afgreitt fjárlög með bundið fyrir annað augað, og vel má vera að satt sé. En hafi svo verið, þá er hér verið að biðja um að samþykkja fjárlög með bundið fyrir bæði augu og líklega verra en það.

Það er augljóst öllum, að þetta annað frv. hæstv. ríkisstjórnar er verðbólgufrv. eins og hið fyrra og er rúmum 54% hærra en fjárlög ársins í ár. Forsendur þessa frv. segja því klárt og kvitt að „niðurtalningarstefnan“, sem ríkisstjórnin boðaði fyrir átta mánuðum, verðskuldar miklu fremur heitið „upptalningarstefnan“.

Í ljósi þess, sem hér hefur verið rakið, er tilgangslaust að ræða efnislega og í alvöru frumvarpið eins og það nú er og þá stefnu sem það á að boða, sem enginn veit þó enn hver er, en þó skal vikið hér að örfáum tilteknum þáttum.

Það er ljóst, að frv. boðar verulega hækkun tekjuskatts einstaklinga, sem nemur a. m. k. 5 milljörðum króna.

Í frv. úir og grúir af vanáætluðum útgjaldabáttum, svo tugum milljarða nemur.

Þá er ljóst, að um 5 milljarða vantar til að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna hafi sambærilega tekjustofna og þeir áður höfðu. Sömu sögu er að segja um marga aðra þætti frv. sem ekki skal þó tiundað frekar, enda engin heildaryfirsýn möguleg meðan sú grundvallarforsenda, sem á er byggt, er svo óraunhæf sem raun ber vitni.

Athygli skal á því vakin, að olíustyrkurinn svonefndi, sem ætlaður er til jöfnunar húshitunar, hækkar aðeins um 25% þó verðbólga hafi orðið 58%. Hér er því enn verið að auka þær byrðar sem olíusvæðin svonefndu verða að bera og voru þær þó ærnar fyrir.

Enn alvarlegra er þó að tekjurnar, sem eyrnamarkaðar eru þessu verkefni, 1.5% söluskattur gefur ríkissjóði a. m. k. 13 milljarða króna, en aðeins 5 milljörðum á að verja í olíustyrki. 8 milljarða mismunurinn á að renna í ríkissjóðshítina. Þannig er olíuvandi íslenskra heimila notaður sem skálkaskjól til skattheimtu fyrir ríkissjóð.

Hér hefur aðeins verið drepit á nokkur atriði varðandi fjárlagafrumvarpið og forsendur þess nú við 2. umræðu. Ótalmargt fleira mætti nefna sem sýnir það ábyrgðarleysi og það óraunsæi sem birtist í vinnubrögðum og allri málsmeðferð hæstv. ríkisstjórnar við fjárlagaafgreiðsluna.

Fari svo, að hæstv. ríkisstjórn neiti bæði upplýsingum um lánsfjáráætlun og fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir, er Alþingi sýnd meiri óvirðing en dæmi munu til áður.

Verði fjárlög fyrir árið 1981 afgreidd án þess að fyrir liggi upplýsingar um þessar meginforsendur fjárlagagerðarinnar og efnahagsstefnuna, verða fjárlög fyrir komandi ár gjörsamlega marklaust pappírplagg.

Undirritaður, fyrir hönd Alþýðuflokksins, mun þrátt fyrir þetta freista þess við fjárlagaafgreiðsluna að færa til betri vegar nokkra tiltekna þætti frv., svo sem lækkun tekjuskatts, lækkun sjúkratryggingargjalds o. fl., og eru breytingartillögur þar að lútandi fluttar á sérstöku þingskjali. Hér er ekki um að ræða hækkunartillögur, heldur tilfærslur á nokkrum liðum innan frumvarpsins.

Alþingi, 11. des. 1980.

Karvel Pálmason.